

Alþingi
Erindi nr. P 141/1559
komudagur 13.2.2013

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2013

Efni: Umsögn Happraættis Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (eignarhaldsreglur og endurbætur), þskj. 631 — 490. mál

Til allsherjar- og menntamálanefndar gekk þann 17. janúar sl. frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (eignarhaldsreglur og endurbætur), þskj. 631 — 490. mál.

Með bréfi þessu vill Happraætti Háskóla Íslands (HHÍ) koma á framfæri tilteknum athugasemdum við frumvarpið, annars vegar almennu álit og hins vegar tillögum að breytingum á einstökum greinum frumvarpsins.

Almennt álit um málið

Umrætt frumvarp er lagt fram af mennta- og menningarmálaráðherra. Í upphafi greinargerðar með frumvarpinu kemur m.a. fram að það sé samið af nefnd sem skipuð var til að gera tillögur varðandi eignarhald á fjölmiðlum en innihaldi einnig tillögur ráðuneytisins að breytingum m.a. vegna ábendinga frá framkvæmdastjórn ESB. Þá kemur fram að frumvarpið hafi dagað uppi á síðasta þingi og sé nú lagt fram með breytingum sem taki mið af athugasemdum sem fram hafi komið við meðferð málsins á Alþingi.

Í ljósi þess að með frumvarpinu er meðal annars ætlunin að gera ýmiss konar breytingar á lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla (fjml.), aðrar en lúta sérstaklega að eignarhaldi á fjölmiðlum, leyfir HHÍ sér að til að leggja til að þetta tækifæri verði nýtt til að færa til betri vegar ákvæði laganna er lúta að tækifærum fjölmiðlanefndar til að bregðast við óheimilum viðskiptaboðum og fjarkaupum. Að mati HHÍ eru þau ákvæði haldin nánar tilteknum ágöllum sem valda því að nefndin er illa í stakk búin til að stemma stigu við slíkum viðskiptaboðum og fjarkaupum. Verður nú gerð nánari grein fyrir þessum ágöllum.

Í 1. mál. 4. mgr. 37. gr. fjml. segir nú: „Óheimil eru viðskiptaboð og fjarkaup fyrir tóbaksvörur og áfengi sem og happraættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi.“ Orðalag ákvæðisins sker ekki úr um að hverjum ákvæðið snúi, þ.e. hvort þeim sem óska eftir að koma slíkum viðskiptaboðum eða fjarkaupum á framfæri sé óheimilt að leita eftir slíku, hvort þeim fjölmiðlaveitum sem þeir leita til sé óheimilt að miðla þeim eða hvort hvorir tveggja geti talist brotlegir samkvæmt ákvæðinu. Hins vegar virðist mega ráða af b-liðum 1. mgr. í 50. og 51. gr. laganna, sbr. og niðurlag umfjöllunar í greinargerð um VI.

kafla frumvarps að fjml., að ákvæðið snúi að „kaupendum“ hinna óheimilu viðskiptaboða eða fjarkaupa. Með því virðist átt við þá sem greiða fjömiðlaveitu fyrir miðlun á slíkum viðskiptaboðum eða fjarkaupum. Hins vegar er gerð sú undantekning, frá þessari ábyrgð kaupenda, í niðurlagi b-liða, sbr. c-liði 1. mgr. í bæði 50 og 51. gr., að sé kaupandi hvorki heimilisfastur hér á landi né „lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli“ þá beri „viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmíðlaveitu ábyrgð á því efni sem [miðlað/birt] er“.

Hvað varðar viðurlög við brotum gegn umræddu ákvæði 4. mgr. 37. gr. laganna þá liggja hvort tveggja stjórnvaldssektir og refsingar við brotum gegn VI. kafla laganna, sem geymir umrætt ákvæði, sbr. m-lið 1. mgr. 54. gr. og n-lið 1. mgr. 56. gr. laganna. Skv. 54. gr. laganna verða stjórnvaldssektir eingöngu lagðar á lögaðila en skv. 56. gr. verður einungis ábyrgðarmönnum, starfsmönnum fjölmíðlaveitu eða stjórnarmönnum gerð refsing skv. lögnum. Því virðist sem kaupendum óheimilla viðskiptaboða eða fjarkaupa sé sú háttsemi refsilaus ef um er að ræða einstaklinga en ekki lögaðila.

Í umfjöllun í greinargerð um 37. gr. frumvarps til fjml. kemur m.a. fram að það sé óumdeilt „að eftirliti og refsivörslu með ólögmatrí happdrættisstarfsemi sé ábótavant“. Þá segir: „Það er því samdóma álit þeirra sem á þessu sviði starfa að þörf úrbót fælist í því að eftirlit hér að lútandi yrði í höndum fjölmíðlanefndar að því er tekur til viðskiptaorðsendinga og fjarkaupa þar sem um óheimila happdrættis- og veðmálastarfsemi er að ræða.“

Í ljósi framangreinds og þess að með lögum um fjölmíðla er fjölmíðlanefnd einkum ætlað að hafa eftirlit með fjölmíðlaveitum, sbr. 1-lið 1. mgr. 10. gr. laganna, leggur HHÍ til að

- ábyrgð á miðlun eða birtingu óheimilla viðskiptaboða og fjarkaupa skv. 1. ml. 4. mgr. 37. gr. fjml. verði lögð á þær fjölmíðlaveitur sem standa að slíkri miðlun eða birtingu og efnisstjóra og ábyrgðarmenn þeirra og
- vald fjölmíðlanefndar til að leggja stjórnvaldssektir skv. 54. gr. laganna verði einnig látið ná til einstaklinga sem gerast brotlegir en verði ekki einskorðað við lögaðila.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Í ljósi framangreindra almennra athugasemda við frumvarpið, gerir HHÍ eftirtaldir tillögur að breytingum á því:


1. Á eftir 10. gr. frumvarpsins komi ný málsgrein, 11. gr. og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því. Hin nýja málsgrein hljóði svo:
Í stað orðanna „Óheimil eru viðskiptaboð og fjarkaup“ í upphafi 4. mgr. 37. gr. laganna komi:
Fjömiðlaveitum er óheimilt að miðla eða birta viðskiptaboð eða fjarkaup.
2. Í upphafi upptalningar í 14. gr. frumvarpsins, sem verður 15. gr., komi nýr stafliður, a. og breytist stafliðatala annarra stafliða samkvæmt því. Hinn nýi stafliður orðist svo:
Orðin „á lögaðila“ í 1. ml. 1. mgr. 54. gr. laganna falli brott.

3. Í upphafi 15. gr. frumvarpsins, sem verður 16. gr., komi ný málsgrein, 1. mgr., sem hljóði svo:
Í stað orðanna „Ábyrgðarmaður, starfsmenn fjölmiðlaveitu eða stjórnarmenn“ í upphafi 1. mgr. 56. gr. laganna komi.
Hverjir þeir.

Undirrituð er reiðubúin að veita frekari nefndinni frekari upplýsingar og skýra athugasemdirnar, óski nefndin eftir því.

Virðingarfyllt,

Fh. Hapdrætti Háskóla Íslands



Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri.